

Fundargerð

19. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 12. janúar 2006, kl. 20:15.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Einar K. Jónsson, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Birgir Guðjónsson, Hafdís Ósk Pétursdóttir úr Íþróttamannanefnd og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri. Guðmundur Kristinsson var á fundinum fram yfir lið 2.
Sonja Sif Jóhannsdóttir boðaði forföll.

1. Fundargerð 18. fundar lögð fram. Samþykkt.

2. Merkisberaverkefnið.

Guðmundur gerði grein fyrir stöðunni varðandi Merkisberaverkefnið.

- Útsending bréfa til markshóps er hafin
- Úthringingar landsliðsfólks byrja nk. sunnudag.
- Í fyrstu lotu er áætlað að senda út 2500 bréf og fylgja þeim síðan eftir með símtali.
- Heimasíða verkefnissins er í vinnslu, slóðin verður: www.merkisberar.is

3. Samstarf við SSÍ.

Rætt um mögulegt samstarf við Sundsambandið um rekstur skrifstofu og starfsmannamál. Formanni falið að halda áfram með þetta mál gagnvart SSÍ og ÍSÍ.

4. Íþróttamál

- a) Lágmark fyrir mót 2006. Lögð fram tillaga frá ÍPA um lágmark fyrir mót á árinu 2006. Samþykkt lágmark fyrir HM innanhúss, en öðru frestað til næsta fundar.
- b) Samstarf við UMFÍ. Framkvæmdastjóri greindi frá viðræðum milli FRÍ og UMFÍ um mögulegu samstarfi um útbreiðslumál á landsbyggðinni. Framkvæmdastjóra og formanni falið að vinna að málinu gagnvart UMFÍ og félögum/samböndum.
- c) Vígslumót 28. janúar. Rætt um framkvæmd Vígslumóts í nýju Höllinni þann 28. janúar nk.
- d) Endurskoðun mótahalds – umræðupunktur.
Formaður lagði fram umræðupunkta varðandi endurskoðun á mótahaldi, en nefnd tekur til starfa þann 21. janúar nk.

5. Fundir, samkomur og þing

- e) Rætt um undirbúning fyrir Uppskeruhátíð FRÍ laugardaginn 28. janúar nk. í Laugardalshöll. Unnur, Einar og framkvæmdastjóri sjá um undirbúning hátíðarinnar.
- f) Frjálsíþróttaping. Samþykkt að Frjálsíþróttaping fari fram í Reykjavík 24.-25. mars nk. Framkvæmdastjóri sendi tilkynningu á sambandsaðila um þingið.

6. Lagt fram

- g) Bréf frá ÍSí, dagsett 9. des. sl., úthlutun úr sjóðum ÍSí v. 2006.
- h) Bréf frá ÍSí, dagsett 13. des. sl., Niðurstöður úr lyfjæftirliti.
- i) Niðurstöður úr rannsókninni “Ungt fólk 2004” á vegum MMR.
- j) Bréf frá IAAF, dagsett 14. des. sl., um “Member Fed. Grant 2006”.
- k) Bréf frá ÍSí, dagsett 22. des. sl., Niðurstöður úr lyfjæftirliti.
- l) Yfirlýsing um félagaskipti:
 - Sigurbjörn Árni Arngrímsson, kt. 310873-5359 úr Tindastóli (UMSS) í Mývetning (HSP). Fékk keppnisrétt fyrir Umf.Mývetning 10.janúar.
 - Ólafur Guðmundsson, kt. 110469-3309 úr Tindastóli (UMSS) í Eflingu (HSP). Fékk keppnisrétt fyrir Eflingu 10. janúar.
 - Gunnar A. Davíðsson, kt. 230278-3509 úr Tindastóli (UMSS) í Eflingu (HSP). Fékk keppnisrétt fyrir Eflingu 10. janúar.
 - Kári Steinn Karlsson, kt. 190586-6189 úr Tindastóli (UMSS) í Breiðablik (UMSK). Fékk keppnisrétt fyrir Breiðablik 11. janúar.
 - Þorbergur Ingi Jónsson, kt. 041082-5939 úr Tindastóli (UMSS) í Breiðablik (UMSK). Fékk keppnisrétt fyrir Breiðablik 11. janúar.
 - Haukur Geir Valsson, kt. 220889-2979 úr Geislum (USAH) í Breiðablik (UMSK). Fékk keppnisrétt fyrir Breiðablik 11. janúar.
 - Stefán Már Ágústsson, kt. 070579-3619 úr Tindastóli (UMSS) í ÍR (ÍBR). Fékk keppnisrétt fyrir ÍR 12. janúar.
 - Tinna Jóhannudóttir, kt. 090180-5689 úr Ármanni (ÍBR) í Umf. Selfoss (HSK). Fær keppnisrétt fyrir Umf.Selfoss 17. janúar.
- m) Upplýsingablað um Tinestaffetten í Noregi.
- n) Boðsbréf á Norðurlandafund í Osló 31.mars – 1. apríl nk.

7. Önnur mál

- a) Laugardalsvöllur – Framkvæmd móta sumarið 2006.
Skoða þarf í samráði við mótshaldara FRÍ móta í Reykjavík í sumar hvort framkvæmdir á Laugardalsvöllinum komi til með að hafa áhrif á framkvæmd móta á vellinum í sumar. Framkvæmdastjóri skoði málið í samráði við Reykjavíkurfélögin.
- b) Bréf frá Öldungaráði FRÍ, þar sem ráðið óskar eftir styrk til að kynna sér framkvæmd NM öldunga í mars, þar sem mótið fer fram hér á landi árið 2008. Samþykkt að Öldungaráð fái einn flugmiða til að nýta í ferðina.
- c) Stefán ræddi hugmynd um samstarf við tölvufyrirtæki um búnað til nota í tengslum við mót í höllinni s.s. tölvur til að slá inn úrslitum í öllum greinum jafnóðum.
- d) Einar Kristján sagðist fagna fréttum af byggingu frjálsíþróttahúss í Hafnarfirði og tóku aðrir stjórnarmenn undir það, en fram hefur komið í fjölmiðlum að ákveðið sé að byggja yfir 4000 fermetra frjálsíþróttahús með 200m hringbraut á svæði FH í Kaplakrika.

Fundi slitið kl. 21:50

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.